

Ellefti fundur skólaráðs Grunnskóla Fjallabyggðar
Fundurinn haldinn 2. febrúar 2012 kl. 11.10 við Tjarnarstíg.

Mættir: Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir foreldrafulltrúi. Fyrir hönd kennara mætti Guðný Róbertsdóttir en enginn mætti fyrir hönd annarra starfsmanna. Fyrir hönd nemenda mættu Ágúst Örn Jónsson og Daníela Jóhannsdóttir. Einnig mættu aðstoðarskólastjóri Ríkey Sigurbjörnsdóttir og Jónína Magnúsdóttir skólastjóri.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar.
Fundargerðin yfirfarin og samþykkt.
2. Skipulag forfallakennslu við Grunnskóla Fjallabyggðar
Farið yfir bréf frá MMR. Efni þess er forfallakennsla í grunnskólum. Skólastjórnendur kynntu fyrirkomulag forfallakennslu innan Grunnskóla Fjallabyggðar.
3. Byggingarframkæmdir við hús grunnskólans
Farið yfir framkvæmdaáform og teikningar skoðaðar af viðbyggingu við skólahúsið við Tjarnarstíg. Nú þegar eru framkvæmdir hafnar við Tjarnarstíg eins og fundarmenn sáu þegar þeir komu til fundarins.
4. Skipulag skólustarfs 2012-2013
Við upphaf næsta skólaárs er stefnt að sameiningu miðstigs þ.e. 5.-7. bekkjanna í skólahúsinu við Tjarnarstíg. Undirbúningur að skipulagi starfsins er hafinn t.d. standa starfsmannasamtöl nú yfir. Ekki er hægt að ganga frá skóladagatali fyrr en samið hefur verið við verktaka og byggingaráform verða ljós. Útboð á verkinu stendur nú yfir.
5. Foreldrafundur 14. febrúar 2012
Foreldrafundurinn 14. febrúar verður haldinn á vegum skólans. Aðkoma og undirbúningur er einnig í höndum stjórnar foreldrafélagsins, fræðslunefndar og skólaráðs. Drög að dagskrá fundarins voru borin undir fundarmenn. Skipst var á skoðunum um mikilvæg mál sem erindi eiga á foreldrafund.
6. Önnur mál
Brynja foreldrafulltrúi lagði til að óskað yrði eftir Biofilíu Bjarkar í skólann, en landsbyggðinni verður gert kleift að taka þátt. Einnig lagði Brynja foreldrafulltrúi til að kannað verði hvort skólinn geti orðið þátttakandi í spjaldtölvuútboði sem einhverjir skólar eru með í undirbúningi. Skólastjóri mun kanna málið.
Fram kom ósk um að flýta fundartíma um 50 mín og funda framvegis kl. 10.20 í stað 11.10